



IÐNAÐARRÁÐUNEYTIÐ

# Styrkir, lánveitingar og önnur fyrirgreiðsla sem ætlað er að efla atvinnulíf, nýsköpun og byggðaðróun

---

## *Áfangaskýrsla I*

Áfangaskýrsla fyrir meginmálaflokk iðnaðarráðuneytis í kynjaðri hagstjórn og fjárlagagerð (KHF). Verkefnið verður unnið á þremur árum og lokaskýrsla verður tilbúin árið 2014. Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir framvindu verkefnisins frá ársbyrjun 2012 til loka júní.

---

15. júní 2012

## Samantekt

Meginmálaflokkur iðnaðarráðuneytis í kynjaðri hagstjórn og fjárlagagerð (KHF) snýr að aðgengi kynja að fyrirgreiðslu sem boðin er gegnum stoðkerfi atvinnulífsins. Þar er litið til starfsemi sjóða og stofnana sem fjármagnaðir eru af fjárlagaliðum ráðuneytisins og veita fjármagni til einstaklinga, stofnana og fyrirtækja með það að markmiði að efla atvinnulíf, nýsköpun og byggðapróun.

Fjármunum sem varið er til þessa málaflokks er ætlað að renna til þeirra verkefna sem best eru til þess fallin að stuðla að nýsköpun og efla atvinnulíf, en auk þess er það réttlætismál að stoðkerfið standi öllum opið og mismuni ekki á grundvelli kyns eða annarra ómálefnalegra þátta.

Verkefnið er unnið í samstarfi iðnaðarráðuneytis og fulltrúum þeirra sjóða og stofnana sem starfa á vegum ráðuneytisins í þessum verkefnum. Markmið verkefnisins er að greina hvort um sé að ræða kynjahalla í þessari starfsemi og þá einnig til hvaða mótþægisáðgerða megi grípa til að bregðast við og stuðla að jöfnu aðgengi kynjanna að þeim fjármunum sem varið er til málaflokksins. Þau verkefni sem falla undir KHF hjá iðnaðarráðuneytinu velta samtals um 1,5 mia. kr. á ársgrundvelli. Áætlað er að verkefninu ljúki um mitt ár 2014.

## Um verkefnið

<b>Verkefni/meginmálaflokkur</b>	Sjá titilsíðu áfangaskýrslu	<b>Dags</b>	15. júní 2012
<b>Lýsing verkefnis</b>	Úthlutun fjármuna úr stoðkerfi atvinnulífsins greind út frá kyni þiggjanda og aðgengi kynjanna að þjónustunni.		
<b>Markmið verkefnis</b>	Markmið verkefnis iðnaðarráðuneytis í kynjaðri hagstjórn og fjárlagagerð er að skoða hlut kynja við úthlutun fjármagns til nýsköpunar og eflingar atvinnulífs á vegum sjóða og stofnana iðnaðarráðuneytis. Markmiðið er að skoða verklag og aðferðir við úthlutun fjármagns svo það nýtist aðilum sem jafnast óháð kyni.		
<b>Jafnréttismarkmið verkefnis</b>	Jafnréttismarkmið tengjast því að tryggja jafnt aðgengi karla og kvenna að þeim úrræðum sem stoðkerfi atvinnulífsins býður og þar með að kynin eigi jafna möguleika á að njóta ráðstöfunar á opinberum fjármunum.		

## A. Almennt um verkefnið

### 1. Nafn verkefnis

Verkefnið ber heitið „Úthlutun styrkja, lánveitingar og önnur fyrirgreiðsla á vegum iðnaðarráðuneytis og stofnana þess sem ætlað er að efla atvinnulíf, nýsköpun og byggðaðróun“.

Beinir þátttakendur í verkefninu eru undirstofnanir iðnaðarráðuneytis og aðilar sem ráðstafa fjármunum í umboði þess sem rúmast innan afmörkunar verkefnisins. Þeir aðilar eru eftirfarandi:

- Byggðastofnun (BS)
- Ferðamálastofa (FMS)
- Iðnaðarráðuneyti (IDN)
- Nýsköpunarmiðstöð Íslands (NMI)
- Tækniþróunarsjóður (TPS)

### 2. Bakgrunnsupplýsingar

Kynjuð hagstjórn og fjárlagagerð (KHF) er það ferli að beita samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða á fjárlagaferlið. Markmiðið er að draga fram áhrif fjárlaga á kynin og leita leiða til að tryggja jafna og sanngjarna dreifingu fjármagns og annarra aðfanga milli kynja. Það þýðir að kynjað mat er lagt á fjárlög, kynjasjónarmið eru samofin í öll stig fjárlagaferlisins og að lokum eru tekju- og útgjaldaliðir endurskipulagðir með það að markmiði að stuðla að kynjajafnrétti.

Í þriggja ára áætlun um innleiðingu KHF sem ríkisstjórnin samþykkti þann 27. apríl 2011 var lagt til að hvert og eitt ráðuneyti velji meginmálaflokk til að greina og vinna með á næstu þremur árum.

Það verkefni sem iðnaðarráðuneyti tekst á við er að greina hvernig fjármunum er varið gegnum stoðkerfi atvinnulífsins með hliðsjón af kynjasjónarmiðum. Með stoðkerfi atvinnulífsins er í þessu tilliti litið til allra sjóða, styrk- og lánveitenda sem sækja fjármagn til fjárlagaliða iðnaðarráðuneytis.

Verkefnið er unnið í framhaldi af tilraunaverkefni í KHF sem unnið var á vegum ráðuneytisins þar sem athugun fór fram á úthlutun þriggja. Þeir sjóðir voru:

- Átak til atvinnusköpunar
- Orkusjóður
- Tækniþróunarsjóður

Niðurstöður í því verkefni voru settar fram í skýrslu sem unnin var sem hluti þess verkefnis.

Gert er ráð fyrir að verkefnið taki þrjú ár í framkvæmd og strax við upphaf verkefnisins var lögð fram verkefnisáætlun og markmiðssetning sem gildir fyrir líftíma verkefnisins í heild sinni.

### 3. Markmið verkefnisins

#### Almenn markmið

Markmið verkefnis iðnaðarráðuneytis í kynjaðri hagstjórn og fjárlagagerð er að skoða hlut kynja við úthlutun fjármagns til nýsköpunar og eflingar atvinnulífs á vegum sjóða og stofnana iðnaðarráðuneytis. Markmiðið er að skoða verklag og aðferðir við úthlutun fjármagns svo það nýtist aðilum sem jafnast óháð kyni.

Við verklok er stefnt að því að eftirfarandi markmiðum hafi verið náð:

- Til staðar sé verklag við söfnun, skráningu og úrvinnslu upplýsinga um umsækjendur og þiggjendur fyrirgreiðslu sem tryggji yfirsýn yfir ráðstöfun þeirra eftir lykilþáttum, s.s. kyni, landsvæði, atvinnugrein og öðrum þáttum sem eru mikilvægir til að greina hvar áhrifa gætir af ráðstöfun opinberra fjármuna.
- Til staðar sé samræmt verklag við flokkun og úrvinnslu upplýsinga fyrir sjóði og stofnanir á vegum IDN þar sem sama flokkunaraðferð er notuð á lykilbreytur, t.a.m. hvernig kynjaflokkun er útærð fyrir umsækjendur og þiggjendur styrkja.
- Mótaðir hafa verið skýrir mælikvarðar fyrir lykilbreytur og úrvinnsla upplýsinga verði nægilega ör til þess að hægt verður að taka saman skýrslugjöf fyrir allar stofnanir og sjóði á vegum IDN reglubundið.

Þannig er gert ráð fyrir að við verklok verði til staðar gagnagrunnur yfir umsækjendur og þiggjendur fyrirgreiðslu, hægt verði að fylgjast með lykilmælikvörðum reglubundið og þar með fá yfirsýn yfir ráðstöfun opinbers fjár og hvaða hópar, atvinnugreinar og kyn nýta fyrirgreiðsluna.

#### Framsetning á jafnréttismarkmiðum verkefnis

Jafnréttismarkmiðin tengjast því að tryggja jafnt aðgengi karla og kvenna að þeim úrræðum sem stoðkerfi atvinnulífsins býður og þar með að kynin eigi jafna möguleika á að njóta ráðstöfunar á opinberum fjármunum.

Tilraunaverkefnið sem vísað var til leiddi í ljós að konur eru í miklum minnihluta umsækjenda. Þá leiddi verkefnið einnig í ljós að konur sóttu að jafnaði um lægri fjárhæðir í fyrirgreiðslu. Þannig má segja að það sé markmið að tryggja aðgengi beggja kynja að kerfinu og finna út hvað það er sem gerir það að verkum að konur sækja ekki um fjármagn/styrki í sama mæli og karlar. Það er jafnréttismarkmið að fá konur til að sækja um fyrirgreiðslu, en fagleg sjónarmið munu þó áfram ráða við úthlutun, þ.e. ekki er gert ráð fyrir að setja inn kynjaákvæði í úthlutunarreglur.

Þá er það leið að jafnréttismarkmiði verkefnisins er að auka kyngreiningu fyrirbyggjandi gagna og safna markvisst gögnum til þess að geta greint hvaða áhrif ráðstöfun opinbers fjármagns á þessu sviði hefur á kynin. Greina þarf hvort verklag við úthlutun fjármuna, kynningu á starfsemi eða annað á starfssviði stofnana iðnaðarráðuneytis valdi þeim mismun og hvort hægt sé að jafna hlut kynja í því efni. Í ljósi niðurstaðna í fyrra verkefni má ætla að það verði áhersluatriði að finna leiðir til að auka aðgengi kvenna að þeim úrræðum sem eru í boði og jafna þannig hlut þeirra.

Gert er ráð fyrir að farið verði markvisst yfir öll formleg samskipti stofnana iðnaðarráðuneytis við umsækjendur til þess að greina mögulegar ástæður fyrir kynjahalla og hvort/hvernig bregðast megi við til þess að jafna aðgengi beggja kynja að kerfinu. Þar þarf að fara yfir orðfæri í öllu efni sem er birt til kynningar, leiðbeiningar og í umsóknum til þess að kanna hvort orðfæri kunni að halla á annað kynið.

## **B. Úrlausn og staða verkefnis**

### **1. Áætlaður framgangur verkefnis**

Verkefninu hefur verið skipt upp í áfanga sem hver um sig hefur verið brotinn niður í sértækari markmið og aðgerðir til að ná þeim markmiðum. Markmið áfangaskiptingarinnar er að búa til traustan farveg fyrir verkefnið þar sem aðgerðir á ólíkum stigum þess eru ljósar og tengdar markmiðsetningu verkefnis.

Áfangaskiptingin sem lagt er upp með við úrvinnslu verkefnisins er eftirfarandi:

- Áfangi 0 - Undirbúningur og stofnun verkefnis.
- Áfangi 1 – Samræming gagnasöfnunar, mótun mælikvarða og mótun verklags.
- Áfangi 2 – Uppbygging gagnagrunns, heildarmat á stöðu og árangri.
- Áfangi 3 – Útfærsla breytinga, smíði lausna og innleiðing.

Þá er vert að taka fram að verkáætlun sem unnin hefur verið tímasetur nánar hvern áfanga og tiltekur aðgerðir fyrir hvern þeirra og ábyrgðarsvið.

Í áfanga núll er gert ráð fyrir að leggja grunn að verkefninu með formlegri stofnun þess. Undir þeim lið er gert ráð fyrir að skýra markmið þess, stofna starfshópa, útfæra verkefnisáætlun, vinna stuðning þess hjá þeim sem að því koma. Þá er gert ráð fyrir að fram fari fyrsta skimun á fyrirbyggjandi gögnum og viðfangsefninu í verkefnishópi og byggt á niðurstöðu þeirrar vinnu verði verkefnisáætlun uppfærð og samþykkt af eiganda verkefnisins.

Í fyrsta áfanga er gert ráð fyrir að vinna að samræmingu verklags við gagnasöfnun. Þar mun reyna mest á hvernig kyngreining fyrirtækja og stofnana fer fram. Gert er ráð fyrir að fyrst verði unnið sameiginlega við mótun verklags og nálgunar við viðfangsefnið á fyrri hluta árs

2011 en í framhaldi þess verði unnið meira hjá hverjum aðila fyrir sig við að innleiða verklag og úrvinnslu gagna.

Í öðrum áfanga er ráðgert að til staðar verði gögn sem gefi heildaryfirsýn yfir stöðu málaflokksins. Slíkt stöðumat gefur færi á að gera tillögur um markvissar breytingar. Gert er ráð fyrir að nokkrum „quick-win“ breytingum verði hrint í framkvæmd í þessum áfanga, en jafnframt verði unnið að tillögum um

Þá er gert ráð fyrir að lykilmælikvarðar verði skilgreindir og aðferðir við vöktun þeirra, þ.e. hvernig megi miðla þeim upplýsingum með reglubundnum hætti til viðeigandi aðila eftir að líftíma verkefnisins lýkur.

Gert er ráð fyrir að í öðrum áfanga verði útfærð tillaga um þær breytingar sem æskilegt er að hrinda í framkvæmd og sett fram tímasett verkáætlun vegna þeirra. Sú afurð liggja fyrir við lok árs 2013.

Í þriðja áfanga er gert ráð fyrir að breytingum verði hrint í framkvæmd, samkvæmt samþykktri breytingatillögu. Auk þess er gert ráð fyrir að árangur breytinga sem þegar hafa verið innleiddar vegna aðgerða á fyrri stigum verkefnisins verði metnar. Unnið verður að innleiðingu á símati og vöktun lykilstærða. Gert er ráð fyrir að þriðja áfanga ljúki við lok árs 2014 með skilum á lokaskýrslu.

## **2. Staða verkefnis og aðgerðir**

### **Áætlaðar afurðir í fyrsta áfanga:**

Verkefnið er nú í fyrsta áfanga skv. samþykktri verkáætlun. Afurðir í fyrsta áfanga skv. verkáætlun eru eftirfarandi

Í fyrsta áfanga verður lögð fram áfangaskýrsla við lok annars ársfjórðungs 2012 sem sýnir stöðu og stefnu verkefnisins.

Við lok þriðja ársfjórðungs 2012 liggja fyrir skjalfestar breytingar á verklagi við gagnasöfnun og hvernig unnið verður að flokkun gagna með hliðsjón af kyni, atvinnugreinum og öðrum þáttum. Skjalfestar verklagsreglur munu taka til allra stofnana IDN sem tryggir samræmda gagnasöfnun.

Við lok árs 2012 liggur fyrir hvernig gögnum verður safnað miðlægt frá þátttakendum í verkefninu og því má segja að gagnagunnur sé orðinn til. Gert er ráð fyrir að gögn fyrir allt árið 2012 verði skráð í þann grunn og heildarsýn fáiast fyrir málaflokkinn fyrir allt árið 2012.

Þessi áætlun gerir ráð fyrir að við lok september 2012 verði lokið samræmingarvinnu við flokkun og skráningu upplýsinga hjá hverjum þátttakanda verkefnisins. Að henni lokinni er ráðgert að hægt verði að setja samræmdar verklags og vinnureglur sem geri kynjamælingar samræmdar og tryggi yfirsýn yfir þá þætti sem nauðsynlegt er til að þjóna markmiðum

verkefnisins. Hluti af því er að samræma eyðublöð þannig að sambærilegum gögnum sé safnað með sambærilegum hætti. Þá verður tekin afstaða til þess hvaða lágmarksupplýsingar séu nauðsynlegar til að fá skýra kynjamynd af viðfangsefninu.

Sem dæmi um það má nefna að þar þarf að safna nægum upplýsingum til að geta kyngreint félög og stofnanir og safna upplýsingum um þá mælikvarða sem verða valdir sem kynjakvarði í því efni. Til skýringar má nefna í því samhengi að ákvarða þarf hvort meirirhlutaeign einkahlutaafélags móti kyn þess eða hvort það séu tiltekin einkenni verkefnisins, s.s. hverjir stjórnir því, vinni við það eða njóti með öðrum hætti ábata af því.

### Áætlaðar aðgerðir í fyrsta áfanga

Í verkáætlun var ráðgert að ráðast í eftirfarandi aðgerðir í fyrsta áfanga verksins og aðgerðum var skipt upp háð því hvort um væri að ræða samráðsaðgerðir eða aðgerðir sem hver aðili sinnti á vettvangi sinnar stofnunar.

Aðgerðir skv. verkáætlun eru eftirfarandi:

- 1.1 Yfirferð yfir öll eyðublöð og fyrstu drög að samræmingu þeirra
- 1.2 Farið yfir aðferðir við kyngreiningu umsækjenda
- 1.3 Mótað verklag við flokkun og skráningu gagna (kyn ofl.)
- 1.4 Sett fram áfangaskýrsla
- 1.5 Unnið að skjalfestingu reglna um flokkun gagna og verklag við skráningu
- 1.6 Innleiðing verklags á hverjum stað - gagnavinna
- 1.7 Úrvinnsla gagna á hverjum stað
- 1.8 Miðlæg gagnaskráning stillt upp
- 1.9 Farið yfir gögn/gagnagrunn og samþykkt afurð

Skv. verkáætlun var ráðgert að vinna við aðgerðir 1.1 til 1.5 myndu hefjast á fyrri hluta árs 2012.

### Staða aðgerða í fyrsta áfanga

Á vinnufundum hópsins var verkefnum skipt, þau útfærð nánar og næstu skref ákveðin. Ákveðið var að starfshópur hvernar stofnunar myndi yfirfara verklag og eyðublöð í þeirri starfsemi sem henni tilheyrði, auk þess að taka saman stutta samantekt um starfsemina.

Sú grunnvinna yrði notuð í framhaldinu til að vinna að samræmingu á sameiginlegum vettvangi verkefnishópsins.

Við lok júní 2012 er sú vinna langt komin og ráðgert að hefjast handa að loknu sumarleyfistímabili við að samræma verklag og fara yfir niðurstöður hvers og eins.



## **C. Samantekt**

Verkefni við meginmálaflokk iðnaðarráðuneytis í KHF er í meginatriðum á áætlun. Ráðgert er að halda áfram vinnu á grundvelli verkáætlunar í ágúst nk. og hafa fyrstu afurð verkefnisins (fyrir utan þessa stöðumatsskýrslu) til reiðu við lok september 2012.